

Borgarbyggð  
b/t Gunnlaugur A. Júlíusson  
Borgarbraut 14  
300 Borgarnes

Reykjavík, 18. desember 2019  
UST201812-172/A.B.  
10.04.02

**Efni: Breyting - Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010 – 2022 og nýtt deiliskipulag –  
Skotæfingasvæði í landi Hamars – Viðbótarumsögn - Viðbrögð**

Vísað er til erindis sveitarstjóra Borgarbyggðar er barst 29. október sl. þar sem óskað er viðbragða Umhverfisstofnunar vegna viðbragða sveitarfélagsins við umsögnum Umhverfisstofnunar dags. 28. janúar 2019 og 29. janúar 2019 varðandi breytingar á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 – 2022 og tillögu að deiliskipulagi vegna skotæfingarsvæðis í landi Hamars.

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem framkvæmdin er utan fólkvangsins Einkunnir þarf að leita umsagnar Umhverfisstofnunar en ekki leyfis. Það leiðréttist hér með.

Skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að „*Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.*“

Stofnunin bendir einnig á að í framkvæmdarleyfi er hægt að setja skilyrði sem taka mið af friðlýsta svæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á að áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf leyfishafi að leita umsagnar Umhverfisstofnunar sbr. 54. gr. náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun bendir á að útgáfa starfsleyfis fyrir skotæfingarsvæði er í höndum viðkomandi heilbrigðisnefndar sem getur sett skilyrði í starfsleyfi m.t.t. mengunar. Umhverfisstofnun bendir á að í gildi er reglugerð nr. 724/2008 um hávaða sem hægt er að hafa til hliðsjónar.

Auk þess bendir Umhverfisstofnun á að skipulagsyfirvöld geta sett skilyrði í deiliskipagstillögur, sem stofnunin telur rétt að benda sveitarfélagini á enda er

sveitarfélagið að gera ráð fyrir skotæfingasvæði í nágrenni við svæði sem hefur verið friðlýst sem fólkvangur þar sem almenningur á að geta notið útivistar.

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson  
sérfræðingur



Björn Stefánsson  
sérfræðingur